



Reykjavík 23. febrúar 2024

Umsögn Félags skipstjórnarmanna, Félags Vélstjóra og málmæknimanna og Sjómannasambands Íslands (hér eftir nefnt félögin) um mál nr. S-36/2024 - „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998“.

Félögin gera athugasemd við þá breytingu sem gerð hefur verið á málinu frá því það var fyrst kynnt í samráðsgátt þann 1.12.2023. Mál nr. S-252/2023, áform um lagabreytingu og aftur 8.12.2023. Mál nr. S-4/2024 drög að frumvarpi. Breytingin sem nú er gerð felst í því að skv. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því í 2. gr. laganna að ráðherra sé heimilt að fela forstöðumanni annarrar ríkisstofnunar forstöðu Verðlagsstofu skiptaverðs með skipun til allt að 5 ára í senn.

Félögin skiluðu inn umsögn við málið nr. S-252/2023 þann 15.12.2023, þar sem þau rökstuddu með vísan í bókunir í nýgerðum kjarasamningum nauðsyn þess að Verðlagsstofa skiptaverðs væri **sjálfstæð** stofnun, félögin hafa á fundum í ráðuneytinu ítrekað skoðun þeirra á málinu.

Við höfum fullan skilning á því að ekki er skynsamlegt út frá rekstrarlegum forsendum að hafa sérstaka stofnun með einungis fjórum starfsmönnum. Það breytir því ekki að vegna sérstöðu verkefna Verðlagsstofu er nauðsynlegt að hún sé **algerlega sjálfstæð**.

Félögin leggja til að 2. gr. laganna verði óbreytt.

Sjá hér fyrir neðan áður innsenda umsögn félaganna dags. 15.12.2023 við mál nr. S-252/2023.

Umsögn Félags skipstjórnarmanna, Félags Vélstjóra og málmæknimanna og Sjómannasambands Íslands (hér eftir nefnt félögin) um mál nr. 252/2023 – „Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998“.

Félögin fagna áformum um að breyta lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs (VSS). Úrlausnarefnið er vel skýrt í skjali til samráðs, því til viðbótar vilja félögin bæta við að í samningaviðræðum sjómanna og SFS í aðdraganda nýs kjarasamnings sem undirritaður var þann 9. febrúar 2023, þar VSS oft á góma. Þar lýstu fulltrúar sjómanna með dæmum að það tæki alltof langan tíma að fá niðurstöðu í ágreiningsmál um réttmæti uppgjóra vegna þess að VSS þyrfti að óska eftir upplýsingum frá útgerðum og tollstjóra um fiskverð og afurðaverð. Þegar gögnin bærust ætti eftir að vinna þau á rafrænt/stafrænt form. Fulltrúi útgerðar í samninganefnd lýsti samskonar ágalla á kerfinu. Þetta gerði það að verkum að dæmi væri um að niðurstaða í ágreiningsmálum um uppgjör kæmi ekki fyrr en eftir marga mánuði. Einnig lýstu sjómenn því margsinnis yfir í viðræðum við SFS að nauðsynlegt væri að VSS væri algjörlega sjálfstæð stofnun. Að tillögu Sáttasemjara kom fulltrúi frá VSS á samningafund til að ræða við samningsaðila um hvað betur mætti fara í starfsemi VSS, hjá honum kom fram eins og öðrum að lykilatíði væri að VSS hafi stafrænt aðgengi að tollskýrslum til að hún geti betur rækt hlutverk sitt.

Það er forsenda fyrir trausti að það ríki gagnsæi um verðlagningu á fiski, þar sem að laun sjómanna byggjast á fiskverði öðru fremur. Sjómenn hafa í kjarasamningum falið útgerð að fara með sölu aflans og fá fyrir hann hæsta gangverð, sjá m.a. grein 1.28.1 í kjarasamningi. Aðilar hafa komið sér saman um

ákveðna aðferðarfræði við verðlagningu á fiski á milli skyldra aðila. Úrskurðarnefnd fundar í byrjun hvers mánaðar til að ákveða viðmiðunarverð á þorski, ýsu, ufsa og karfa. Samkomulag er um ákveðið verkferli um lágmarks verðlagningu á áður nefndum tegundum, ferlinu er lýst í kjarasamningi í grein 1.28.4 „Markmið um fiskverð“. Verðmyndun þorsks og ýsu byggir á vegnu meðalverði á fiskmörkuðum og þróun afurðaverðs. Auk þess er tekið tillit til hráefnishlutfallsins, þ.e. að hlutfallið á milli fiskverðs og afurðaverðs verði sem næst 55% (frávik \pm 10%) á hverjum tíma. Einnig segir að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skuli í þessu sambandi koma sér saman um aðferðafræði til að meta hráefnishlutfallið sem notað er í tengslum við verðákvarðanir. Verðlagning ufsa og karfa tekur breytingum í samræmi við breytingar á afurðaverði, með hliðsjón af vísitölu Hagstofu Íslands um framleiðsluverð og áætlað afurðaverð framangreindra tegunda. Verðlagning á öðrum fisktegundum byggir á fiskverðssamningi á milli útgerðar og áhafnar fiskiskips.

Í kjarasamningnum er einnig staðlaður verðsamningur vegna veiða á uppsjávarfiski, sjá „Viðauki IV“. Í fiskverðs samningnum er gert ráð fyrir því að fiskverð til sjómanna sé sem næst umsömdu hlutfalli milli áhafnar og útgerðar af áætluðu skilaverði afurða, annars vegar mjöls og lýsis og hins vegar sem næst umsömdu hlutfalli af áætluðu skilaverði afurða sem fara til vinnslu. Til þess að VSS geti fylgst með því að rétt sé gert upp er mikilvægt að hún hafi upplýsingar um skilaverðið frá tíma til tíma.

Samkvæmt framansögðu er mikilvægt að Verðlagsstofa skiptaverðs hafi stafrænan aðgang að tollskýrslum til að geta sinnt hlutverki sínu um eftirlit með uppgjörum sjómanna á skilvirkan hátt.

Í kjarasamningnum komu aðilar sér m.a. saman um tvær bókanir sem báðar lúta að því að styrkja stöðu VSS og auðvelda henni að rækja hlutverk sitt.

Bókun A – Málefni VSS, aukið gagnsæi og upplýsingagjöf

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að gera starfsemi VSS sýnilegri. Það sé beinlínis æskilegt og skapi frekara traust. Í því skyni verður farið þess á leit við Verðlagsstofu skiptaverðs (VSS) að birt verði ársyfirlit yfir fjölda mála og lyktir eftir nánari sundurliðun, ekkert ósvipað því sem birt er í ársskýrslum Fiskistofu. Í dæmaskyni hefur neðangreind tafla verið sett upp þar sem sundurliðað er á milli frumkvæðisathugana annars vegar og athugana v. ábendinga hins vegar. Í yfirliti kæmi einnig fram örstutt samantekt yfir fjölda mála fyrir úrskurðarnefndinni. Að auki, þar sem núgildandi lög kveða aðeins á um að VSS beri að tilkynna bæði útgerð og áhöfn sé e-ð athugavert að mati VSS við uppgjör til áhafna, þá yrði því við komið að áhafnir og útgerðir séu einnig látnar vita sé ekkert athugavert við uppgjör til áhafna. Þetta yrði þá óháð því hvort athugun fari fram að frumkvæði VSS eða að fenginni ábendingu

Bókun B – Sjálfstæði Verðlagsstofu skiptaverðs og aðgengi að gögnum.

Samningsaðilar eru sammála um að sjálfstæði VSS verði tryggt í samræmi við ákvæði 2. gr. laga um VSS og að VSS verði eyrnamerkt nægjanleg fjárframlög á fjárlögum til að rækja hlutverk sitt. Fulltrúar sjómanna leggja áherslu á að VSS verði gert kleift að nálgast upplýsingar um afurðaverð með rafrænum hætti frá Tollstjóra. Fulltrúar SFS benda á að VSS nálgist gögn frá Tollstjóra nú þegar með rafrænum hætti og að heimildir til gagnasöfnunar séu þegar til staðar og afar víðtækar. Þá hafi komið fram á fundi með fulltrúum VSS að vinna sé þegar í gangi af hálfu VSS í þessum efnum.

Félögin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum. Við erum einnig tilbúnir til að koma á fund til viðræðna um málið.

Fh. Félags skipstjórnarmanna



Árni Sverrisson

Fh. Sjómannasambands Íslands



Valmundur Valmundsson

Fh. VM Félags vélstjóra og málmtæknumanna



Guðmundur Helgi Þórarinnsson

